

Sp.

157. Fyrirspurnir

[87. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur og ríkisskatta samvinnufélaganna og samanburð á sköttum hlutafélaga og einstaklinga.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Hverjar voru raunverulegar tekjur (áður en skattar eru dregnir frá) á árunum 1945—47 hjá eftirtöldum samvinnufélögum, og hvernig eru ríkisskattarnir útreiknaðir:

1. Sambandi islenskra samvinnufélaga,
2. Sláturfélagi Suðurlands,
3. Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis,
4. Kaupfélagi Árnesinga,
5. Kaupfélaginu í Borgarnesi,
6. Kaupfélagi Austur-Húnavetninga, Blönduósi,
7. Kaupfélagi Eyfirðinga,
8. Kaupfélagi Þingeyinga,
9. Kaupfélagi Héraðsbúa?

Óskað er að fá tilgreindar tekjur og skattaútreikning hvers árs fyrir sig. Sérstaklega óskast tilgreint, hvað talið sé arður af viðskiptum við félagsmenn og hvað arður af viðskiptum við utanfélagsmenn.

2. Hvað mundu hlutafélög og einstaklingar hafa greitt í skatta af sömu tekjum og fyrrgreind samvinnufélög?